

Nr. 229

6. febrúar 2007

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir Styrktar- og menningarsjóð Norvíkur hf.

#### I. KAFLI

##### **Nafn, heimili og tilgangur.**

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktar- og menningarsjóður Norvíkur hf.

2. gr.

Heimili og varnarþing sjóðsins er að Bíldshöfða 20, 110 Reykjavík.

3. gr.

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun stofnaður af Norvík hf., kt. 670400-2390, og starfar skv. lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja verkefni eða félög er varða góðgerðarmál, forvarnarstarf, menningu og listir, menntun og rannsóknir, íþróttir eða annað það sem stjórn sjóðsins ákveður hverju sinni og efla með því tengsl Norvíkur við samfélagið og það umhverfi sem félagið starfar í.

#### II. KAFLI

##### **Stofnfé og tekjur.**

5. gr.

Stofnfé sjóðsins er framlag Norvíkur hf. kr. 692.000.

6. gr.

Tekjur sjóðsins eru framlög frá Norvík hf. eftir ákvörðun stjórnarfundar félagsins og aðrar tekjur sem sjóðnum kunna að hlotnast hverju sinni.

7. gr.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á fjárvörslum sjóðsins og skal sjá til þess að þeir fjármunir sem eru í vörslu sjóðsins hverju sinni séu ávaxtaðir á viðunandi og tryggan hátt.

#### III. KAFLI

##### **Sjóðstjórn.**

8. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum til eins árs í senn og skulu þeir tilnefndir af stjórn Norvíkur hf. Stjórnin skiptir með sér verkum eftir því sem þurfa þykir. Undirskrift meirihluta stjórnarmanna bindur sjóðinn.

9. gr.

Stjórn sjóðsins skal árlega leggja fram áætlun um tekjur og gjöld sjóðsins.

**IV. KAFLI  
Úthlutanir úr sjóðnum.  
10. gr.**

Stjórn sjóðsins tekur ákvörðun um þær fjárhæðir sem sjóðurinn úthlutar. Stjórn sjóðsins skal jafnframt sjá til þess að ávallt sé nægilegt fé í sjóðnum til að standa undir rekstri hans og að óskert stofnfe skuli ávallt nema þeirri lágmarksfjárhæð, sem vera skal í sjóði í dag.

11. gr.

Stjórn sjóðsins skal setja sér reglur um úthlutun styrkja úr sjóðnum. Starfsreglurnar skulu taka mið af tilgangi sjóðsins.

12. gr.

Stjórn sjóðsins tekur ákvörðun um veitingu styrkja úr sjóðnum. Hún skal halda gerðabók yfir ákvarðanir sínar um styrki.

**V. KAFLI  
Önnur ákvæði.  
13. gr.**

Stjórn sjóðsins tekur árlega saman skýrslu um starfsemi sjóðsins, sem skal geyma endurskoðaðan ársreikning og skrá um úthlutanir úr sjóðnum á reikningsárinu.

14. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu reikningar hans endurskoðaðir af endurskoðanda Norvíkur hf. og birtir með öðrum reikningum Norvíkur og lagðir fyrir ársfund Norvíkur til afgreiðslu. Senda skal Ríkisendurskoðun ársreikning í samræmi við 3. gr. laga um sjóði og stofnanir.

15. gr.

Skipulagsskrá þessari verður einungis breytt af ársfundi Norvíkur hf. Meirihluti stjórnar tekur ákvörðun um breytingar á skipulagsskánni og þarf samþykki meirihluta atkvæða á ársfundi Norvíkur fyrir breytingunum. Geta skal breytingartillagna í fundarboði ársfundar Norvíkur hf.

16. gr.

Leita skal staðfestingar sýslumanns á skipulagsskrá þessari. Sé skipulagsskrá breytt eða sé samþykkt að hún sé lögð niður skal leita samþykis dómsmálaráðherra.

17. gr.

Komi til þess að sjálfsseignarstofnunin verði lögð niður skal stjórn hennar gera upp skuldir og eignir og slíta svo rekstri hennar. Skulu eftirstandandi eignir renna til málefna sem stjórn stofnunarinnar ákveður.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir, sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*F.h. sýslumannsins á Sauðárkróki, 6. febrúar 2007,*

**Kristján Baldursson ftr.**